

### Ávarp við setningu málfings í Skálholti 16. júlí 2011

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti, frú Vigdís Finnbogadóttir, vígslubiskup, séra Jón A. Baldvinsson, heiðruðu gestir. Verið öll velkomin í Skálholt til málfings í tilefni aldarafmælis dr Sigurbjörns Einarssonar, biskups.

Snemma á síðustu öld var ungur drengur austur í Meðallandi sem heillaðist af sögu Torfhildar Hólm um Brynjólf biskup. Skálholt varð honum hjartfólgin hugarsýn og draumur. Hann bjástraði við að reisa Skálholt úr mókögglum í túnfætinum og bjó þar stórbúi sem ráðsmaður hinn fornu biskupa. Sem unglíngur dvaldi hann hjá föður sínum hér að Iðu. Faðir hans var meðhjálpari hér í gömlu, hrörlegu kirkjunni og hvarvetna blasti við niðurlæging helgisetsursins. Þegar Skálholtsdómkirkja var vígð vísar Sigurbjörn biskups til þess er þar snart hann, er hann segir í vígsluprédikun sinni: „Skálholt var auðugra í auðn og örbirgð en hver staður annar á landi hér...blæjan sviptist frá, þögnin fór að tala. Tóftin, sigin í jörð, steinninn úr gamalli hleðslu, það voru rammar rúnir í þessum sprekum, sem flutu uppi á gleymiskunnar hyl. Þú skynjaðir harminn í þessu hljóða máli, tregann, sársaukann, sem var í ætt við stefið um Íslands óhamingju. En meira bjó í máli rústanna, því Skálholt er stærri en staðurinn, minningin meiri en afdrif hans...“

Það var Sigurbjörn sem beitti sér fyrir stofnun Skálholtsfélagsins sem hratt endurreisninni hér af stað og sannkallaðri þjóðarvakningu. Fyrir forgöngu þess félags var fornleifauppgröftur gerður hér og þessi fagra kirkja reist og svo Skálholtsskóli. Það var öðrum þræði stefnumörkun fyrir endurreisn trúarlífs og menningar á traustum grunni kristinnar þjóðmenningar. Hér stóð Sigurbjörn um árabíl fyrir kyrrðardögum, miðlaði af visku og trú, og kenndi mönnum að

leita þagnarinnar og njóta helgrar kyrrðar til eflingar trúarlífi sínu. Á aldarafmæli hans vottar Skálholt honum virðingu og þakkar lífsverk hans í þágu staðarins, kirkju og þjóðar. Guð blessi minningu Sigurbjörns Einarssonar og þau málefni sem honum voru hjartfólgin.

Sigurbjörn nam almenn trúarbragðavísindi fyrstur Íslendinga eftir því sem ég best veit. Fyrirlestrar hans í útvarpi um trúarbrögð Indverja og háskólafyrirlestrar hans sem mynda uppistöðu bókar hans, „Trúarbrögð mannkyns,“ bera vitni um djúprætta virðingu hans fyrir öðrum trúarbrögðum og trúarhneigð og guðsþrá mannsálarinnar. Hver sem les það sem hann ritar þar um Múhameð spámann, sögu hans og kenningu, finnur það hlýja þel sem hann ber til þess viðfangsefnis, svo dæmi sé tekið. Sama er reyndar að segja um afstöðu hans til gyðingdóms, trúar og menningar frelsarans.

Sigurbjörn lifði uppgang hinnar guðlausu alræðishyggju nasismans og kommúnismans og var öðrum glöggskyggjari á þann háská og hörmungar sem því fylgdi. Bók hans „Kirkja Krists í ríki Hitlers“ var hið fyrsta sem ritað var hér á landi um árásir nasismans á kirkju og kristni og þótti ýmsum hann mála hið volduga og sigursæla þriðja ríki of dökkum litum. Og hlaut hann bágt fyrir af hálfu skoðanamótenda og áhrifamanna hér heima. Hin síðustu árin horfði hann með ugg á yfirgang hvers konar öfuga pólitískrar og trúarlegrar hugmyndafræði. Fáfræði er gróðrarstía fordóma, fræðsla sem borin er uppi af virðingu fyrir hugmyndaheimi, sögu og trúariðkun hamlar gegn hleypidómum og ofbeldi. Á slíkri virðingu þurfum við að halda.

Ég þakka Rannsóknastofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar í trúarbragðafræðum fyrir þetta framtak og bið stjórn hennar

blessunar. Af öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega þakka séra Kristjáni Björnssyni, varaform., fyrir óþrjótandi elju og atorku í að halda okkur við efnið og leiða fram. Guð launi það og blessi.